

Orkuveita Reykjavíkur

# Hvað gera píparar og rafvirkjar?

Vísindadagurinn 2016

Birna Bragadóttir
Verkefnastjóri Iðna og tækni

EBS-440-02

# Iðnir og tækni er liður í jafnréttisstarfi Orkuveitunnar og dótturfélaga

***Nú langar okkur að stíga skrefið lengra og leggja okkar af mörkum til að auka hlut kvenna í iðnmenntun og í tæknigeiranum.*** *Við vitum ekki enn hvernig við förum að því en við lofuðum því þegar við fengum jafnréttisverðlaunin að það yrði næsta skref að leita eftir samstarfi með skólunum, stjórnvöldum, öðrum fyrirtækjum og stéttarfélögum til að finna leiðir að því marki.*

*Bjarni Bjarnason, forstjóri OR*



mbl.is

föstudagur, 29. maí 2015

Forsíða | Viðskipti | Íþróttir | Fólkið | Smartland | Bílar | News in English | Greinar

Innlent | Erlent | Tækni og vísindi | Nýjast | Vinsælast | Fréttaleit | Sjónvarp | Veður

Innlent | mbl | 28.5.2015 | 13:02

## Orkuveitan fékk hvatningarverðlaun

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra afhenti í dag Bjarna Bjarnasyni forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur Hvatningarverðlaun jafnréttismála. Í tilkynningu segir að OR hafi um árabil unnið markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum fyrirtækisins.

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra afhenti í dag Bjarna Bjarnasyni forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur Hvatningarverðlaun jafnréttismála

Markmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á fyrirtækjum sem sett hafa jafnrétti á oddinn og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til þess að gera slíkt hið sama.

Í rökstuðningi dómnefndar segir m.a. að OR hafi stigið veigamikil skref til jafnréttis og sé í markvissri vinnu við að jafna stöðu kynjanna og hafi stuðlað að framgöngu fjölda verkefna í samstarfi við menntastofnanir, til að fylgja eftir því markmiði að efla hlut kvenna í karllægum geira.

Samhliða því hafi fyrirtækið unnið markvisst að því að breyta vinnuumhverfinu þannig að það henti betur þörfum beggja kynja, meðal annars með auknum sveigjanleika og styttingu vinnutíma til að stuðla að auknu jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs.

Að baki Hvatningarverðlaunum jafnréttismála standa auk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, ...slandi, Samtök atvinnulífsins og Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð.



EBS-440-02

Orkuveita Reykjavíkur

## Kynbundið náms- og starfsval er félagsmótun en ekki náttúrulögmál!

Staðalímyndir síst til þess fallnar til að laða konur og stúlkur að iðngreinum.



## Staðalímynd vélvirkja

„Vélvirkjar eru líka karlar, *inná smiðjugólfi*, *í bláa gallanum* og með *smurolíu upp á olnboga*. Og vélfræðingarnir? Þeir hafa svipaða ímynd og vélvirkjarnir en auk þess er iðulega gengið út frá því að þeir starfi úti á sjó en ekki í landi.“

EBS-440-02

Orkuveita Reykjavíkur

**Kvenrafvirki hjá Orkuveitunni segir frá ungum syni sínum:**

*Þeir voru að læra um iðnaðarmenn. Hann vildi náttúrulega hafa stelpu sem rafvirkja, hann var að teikna rafvirkja. Fékk það verkefni. Þeir voru bara gáttaðir á að mamma hans væri rafvirki.*

*Þú veist: Hvað er að henni?*

EBS-440-02

Orkuveita Reykjavíkur




# Píparar

Píparar eru karlar í skítugum vinnugalla, ganga illa um – og gyrða sig líka illa!

EBS-440-02

Orkuveita Reykjavíkur

- **Konur halda að þessi störf séu erfiðari en þau eru:**

- *„Konur halda líka oft að vinna við holræsi sé ógeðslegt, fullt af rottum og kúk. Nú hef ég unnið við pípulagnir í 10 ár og ég hef ekki enn séð rottu og það er heldur ekki mikið um kúk. Konur sem vinna á elliheimilum sjá kúk á*
- *hverjum degi“.*

- *(Viðtal við Soffíu A. Sveinsdóttur pípulagningarmeistara í Kvennablaðinu, 2014)*

Orkuveita Reykjavíkur

EBS-440-02






EBS-440-02

Orkuveita
Reykjavíkur

# Fyrirmyndir!












# Markmiðið með valáfanganum



**Með áfanganum fá nemendur**

- Innsýn í iðn- og tæknistörf og þau fjölbreyttu tækifæri sem þar liggja
- Fræðslu um lífæðar samfélagsins (vatn, rafmagn, fráveitu og ljósleiðara)
- Fræðslu í öryggis- og umhverfismálum
- Reynslu af því hvernig er að vinna iðn- og tæknistörf

**Markmið**

- Vekja áhuga nemenda á iðn- og tæknistörfum
- Kynna þau fjölbreyttu störf og starfstækifæri sem iðn- og tækninám býður upp á

Átta stelpur og átta strákar

http://orkuveitan.wix.com/idnir

Orkuveita Reykjavíkur

EBS-440-02

# Dagur í rafmagni




EBS-440-02

# Aðdragandi og undirbúningur verkefnisins

**Vetur 2014 – 2015**

- Samstarf hófst og kynning fyrir starfsfólki Árbæjarskóla
- 100 nemendur fengu mánaðarlega kynningu á valáfanganum
- 34% nemenda völdu áfangann – 16 komust að (8 stelpur og 8 strákar)

**Vor 2015**

- Vinnustofur með starfsmönnum og hugmyndavinna við mótun valáfangans
- Þjálfun starfsmanna sem komu að valáfanganum í að vinna með ungmennum og í jafnréttismálum

**Haust 2015**

- Námsdagskrá og námsviðmið samþykkt af skóla
- Kynningarfundur fyrir starfsfólki Árbæjarskóla
- Kynning á jafnréttismálum fyrir starfsfólki Árbæjarskóla

**Vetur 2015 - 2016**

- Valáfanginn Iðnir og tækni, nemendur sækja áfangann 2* í mánuði
- Kynning á áfanganum fyrir nemendum næsta árs



Orkuveita Reykjavíkur

# Dagskrá vetrarins 2015-2016

## Haust 2015

1. Kynning á námsbrautinni og gerð myndabanda
2. Öryggismál
3. Ferðalag vatnsins

   *Fræðsla um umhverfismál, ferð á vatnsverndarsvæði, Gvendarbrunna og Klettagarða*
4. Rafmagn – Veitur

   *Flutningar og framleiðsla á rafmagni, stjórnstöð og vaktherbergi*
5. Ljósleiðari – Gagnaveitan

   *Kynning á ljósleiðara og verkleg kennsla*
6. Vettvangsferð í Elliðaárdal

   *Aðveitustöð, stauragarður, eldsmiðja, körfubíll og Elliðaárvirkjun*
7. Vettvangsferð á framkvæmdarverkefnum
8. Jólahugvekja með Þorgrími Þráinssyni

   *Verkfærasett í jólagjöf*

## Vor 2016

1. Pípulagnir

   Meistaraverkefni kynnt og krani tengdur
2. Málmiðngreinar og vélfræði

   Smíða stiga sem settur er upp í brunn
3. Vettvangsferð í Hellisheiðarvirkjun

   Jarðhitasýningin, hitamyndavél, afrétting framlengingasnúra, tengja loka og prufukeyra, kerfisráður, túrbínuverkstæði
4. Smíði á verkstæði

   Smíða lampa
5. Undirbúningur fyrir lokakynningu
6. Lokakynning – starfsfólki skólans og foreldrum boðið á kynninguna.



EBS-440-02


HELLISHEIÐARVIRKJUN

Yfir 30 starfsmenn sem hafa komið að verkefninu með beinum hætti:






Orkuveita Reykjavíkur

EBS-440-02

# Nýr valáfangi næsta vetur

Fylgist með á:

Heimasíðu: http://orkuveitan.wix.com/idnir#!um/c13zq

Youtube: Iðnir og tækni



100% mæting!

EBS-440-02

Orkuveita Reykjavíkur

Takk fyrir mig

Orkuveita Reykjavíkur

HAGSÝNI • FRAMSÝNI • HEIÐARLEIKI

EBS-440-02